

STARFSEMI ARCTIC COAST WAY OG AÐILD

Viðmið og reglur varðandi aðild að Arctic Coast Way (Norðurstrandarleið) og starfsemi þess þjóna því hlutverki að tryggja að það sem við lofum gestum okkar standist gæðakröfur og staðfesti trúverðugleika vörumerkisins Arctic Coast Way.


The Arctic Coast Way stendur fyrir ákveðin fyrirheit gagnvart gestum sem fara um þessa leið:

Arctic Coast Way á norðurströnd Íslands **heillar gesti sína** með tengingu við upprunalega, ósnortna og óspillta náttúru og á leiðinni sjá þeir fjölbreytt landslag milli fjalls og fjöru.

Það **tengir gesti** við samfélög lítilla og friðsælla sjávarþorpa þar sem fólk hefur búið öldum saman og á sér sögu og menningu mótaða af nánd við hafið og heimskautsbauginn.

Gestum er komið á óvart með fjölbreytilegu og kyrrlátu andrúmsloft þessara staðhátta, sem lætur engan ferðalang ósnortinn og fólk finnur orkustreymi umhverfisins og hrífst af töfrum birtunnar í margvíslegum tilbrigðum árið um kring.

Hér er hægt að njóta slökunar, varpa frá sér áhyggjum hversdagslífsins og eignast ógleymanlegar og einstakar minningar.



AÐILD:

Íslensk ferðapjónustufyrirtæki á svæði Arctic Coast Way (ACW) sem uppfylla nauðsynleg skilyrði geta gerst meðlimir. Einungis meðlimum er heimilt að eiga viðskipti undir skrásetta vörumerkinu Arctic Coast Way. Ferðapjónustufyrirtæki, samkvæmt skilgreiningu, eiga viðskipti við bæði innlent og erlent ferðafólk; t.d. fyrirtæki sem skipuleggja athafnir ferðafólks, gististaðir, veitingahús og aðrir matsölustaðir, sýningar, söfn og viðburðir. Sveitarfélög geta einnig gerst aðilar að samtökunum.


Meðlimir Markaðsstofu Norðurlands sem ekki uppfylla landfræðileg skilyrði (sjá A.2.) geta ekki fengið aðild að Arctic Coast Way. Þeir geta hins vegar tekið þátt í verkefnum með því að bjóða upp á „Hero Experiences“ (einstakar upplifanir) (sjá A.3.) sem verða auglýstar sérstaklega í markaðssetningu Arctic Coast Way (sjá A.5.)

REGLUR UM STARFSEMINA:

eiga við um íslensk ferðapjónustufyrirtæki sem ekki eru staðsett á svæði Arctic Coast Way og eru ekki meðlimir í Markaðsstofu Norðurlands. Reglurnar taka einnig til **umboðsaðila erlendis frá** og **erlendra ferðapjónustufyrirtækja**.

Arctic Coast Way svæðið er eins og hér er sýnt:

1-72-711-717-716-1-74-745-744-748-75-76-77-76-82-808-82-809-82-811-82-816-1-83-835-1-85-870-874-85-869-85-91-85



A. AÐILDARVIÐMIÐ

1. Hæfisskilyrði

- ✓ Meðlimir eru skráð fyrirtæki og eiga aðild að *Markaðsstofu Norðurlands*
- ✓ Meðlimir hafa ótvíræð tengsl við norðurströnd Íslands (sjá A.2)
- ✓ Meðlimir ábyrgjast samfelld samskipti (tölvupóstur og sími) allan ársins hring og stefna að því að fyrirtæki þeirra séu opin allt árið
- ✓ Meðlimir vinna að aukinni sjálfbærni innan fyrirtækja sinna
- ✓ Meðlimir sækja árlega vinnustofu Arctic Coast Way til að skiptast á reynslusögum og bæta innri tengsl

2. Landfræðileg staða

Staðsetning fyrirtækjanna styrkir upplifun gesta á tengslum við strandlengjuna og þau áhrif sem gestir finna fyrir vegna hennar.

- ✓ **Sjávarþorp** er að finna víða á leiðinni
- ✓ **Fyrirtæki** (gisti- og veitingastaðir, sýningar, viðburðir, o.fl.,) geta orðið meðlimir, ef þeir eru:
 - á skilgreindri leið Arctic Coast Way
 - eða sjávarmegin við skilgreindar akstursleiðir
 - eða í nánd við skilgreinda leið ($\leq 4\text{km}$) og bjóða helst upp á útsýni til hafsins
- ✓ **Afþreyingar og upplifanir** þurfa að vera á strandlengjunni eða á/i hafinu, sjá lið A.3.1.
- ✓ **Ferðaskipuleggjendur** sem eru innan hins skilgreinda svæðið Arctic Coast Way (sjá **Fyrirtæki**) geta ekki orðið meðlimir ef þeir bjóða ekki upp á ferðir eða afþreyingu á strandlengjunni

2.1. Meðlimir Markaðsstofu Norðurlands sem ekki uppfylla skilyrði um staðsetningu

Aðilar að Markaðsstofu Norðurlands sem ekki uppfylla landfræðileg viðmið geta tekið þátt í verkefninu með því að bjóða upp á Hero Experiences (einstakar upplifanir) (sjá A.3.1.). Enda þótt þeir séu ekki ACW meðlimir, verða Hero Experience pakkar þeirra auglýstir sem hluti af markaðssetningu ACW, og þeir bera síðan sinn hluta af kostnaði við markaðssetningu (sjá A.5.3). Viðkomandi fyrirtæki getur síðan notað ACW kennitáknið í tengslum við Hero Experiences einvörðungu, en ekki í almennri markaðssetningu sinni. Fyrirtækið verður einnig að fara í gegnum umsóknarferlið (A.6.)

3. Vörur, Upplifanir (Experiences) og Einstakar upplifanir (Hero Experiences)

Þessi þrjú orð lýsa mismunandi stigum á því sem í boði er á Arctic Coast Way. Alltaf þarf að hafa náttúru og menningu við ströndina sem áhersluatriði.

Skilgreiningar

Vörur: Allar þær vörur sem ferðamönnum bjóðast, þar sem lögð er áhersla á náttúru og menningu við ströndina

Arctic Coast Way Experiences: Þær vörur sem eru í samræmi við viðmið Arctic Coast Way um upplifanir og styðja við að uppfylla loforð Arctic Coast Way gagnvart gestum sínum.

Arctic Coast Way Hero Experiences: Allra bestu upplifanirnar sem eru í boði á Arctic Coast Way. Þessar vörur verða sérstaklega sýnilegar í okkar markaðsefni, þar sem þær eru líklegri til þess að hvetja erlenda ferðamenn til þess að koma til Norðurlands, sem er til hagsbóta fyrir öll fyrirtæki. Slíkar upplifanir þurfa að fara í gegnum sérstakt umsóknarferli og eru þróaðar í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands.

3.1. Hvaða viðmið einkenna Hero Experiences á Arctic Coast Way?

Hetjuferðir fela í sér bestu og sérstæðustu upplifanir þeirra sem ferðast um Arctic Coast Way. Upplifun sem verðskuldar að kallast Arctic Coast Way Hero Experience er stranglega skilgreind vara sem felur í sér eftirfarandi:

- ✓ Inniheldur að öllu leyti þau viðmið sem skilgreind eru í ACW Upplifunar „verkfærakistunni“
- ✓ Hafa verið samþykkt í umsóknarferlinu (A.6)

Skilafrestur á umsóknum fyrir hetju upplifanir er alltaf 15. janúar á hverju ári. Yfirferð og mat á öllum umsóknum er tekur aldrei lengri tíma en fjórar vikur.

3.2. Dagsferðir/Lengri ferðir sem standa fleiri daga

Dagsferðir og lengri ferðir verða að fylgja reglum um starfsemina (sjá B.)

4. Markaðssetning og upplýsingar

- ✓ Meðlimir skipta með sér markaðskostnaði til að tryggja sjálfbæra og örugga markaðssetningu Arctic Coast Way til lengri tíma (sjá A.5.)

- ✓ Meðlimir styðja markaðssetningu vörumerkisins Arctic Coast Way með því að nota kennitákn og nafn þess í sinni eigin markaðssetningu, t.d. þegar auglýst er á Tripadvisor eða booking.com (t.d. Gistiheimili X á Arctic Coastway)
- ✓ Kennitákn Arctic Coast Way gefur til kynna aðild að samtökunum, en táknid er einungis sýnt með ferðum/afurðum sem uppfylla nauðsynleg viðmið (A.3)
- ✓ Hero Experiences má auðkenna með Hero-tákninu
- ✓ Meðlimir mega ekki nota Arctic Coast Way kennitáknið á heimatilbúnum vegmerkingum

5. Kostnaður vegna markaðssetningu ACW

Meðlimir Arctic Coast Way taka þátt í markaðskostnaði verkefnisins með árgjöldum sínum. Þeir sem fá samþykkt um umsókn um að þróa Hero Experience innan vébanda Arctic Coast Way fá mestu markaðssetninguna og greiða fyrir það sanngjarnt aukagjald. Í staðinn fá þeir, meðal annars, einstaklingsbundna leiðsögn frá Markaðsstofu Norðurlands til að þróa hugmyndir sínar frá því sem samþykkt var í umsókninni yfir í markaðstæka Hero Experience.

5.1. Þjónusta og kostnaður

Fyrir verkefnið Arctic Coast Way er nauðsynlegt að þróa sjálfbæra og sterka markaðssetningu til langs tíma, sem þjónar hagsmunum allra þeirra sem starfa undir vörumerkinu. Af þeirri ástæðu þurfa meðlimir að greiða fyrir kostnað við markaðssetningu. Hér að neðan má sjá verðskrá, sem birt er með fyrirvara um breytingar þar sem verkefnið er í stöðugri þróun og ýmsir þættir geta breyst, til dæmis fjöldi meðlima og aukin þörf fyrir markaðsefni. Upphæðunum verður að sjálfsgöðu haldið í lágmarki og verkefnið er rekið án hagnaðar. Tilkynnt verður um allar breytingar á verðskrá.

Hér má sjá árgjald fyrir þátttöku í Arctic Coast Way árið 2019. Gjaldið er greitt í fjórum hlutum (febrúar, maí, ágúst og nóvember) og fyrsta greiðsla verður í maí 2019. Þau fyrirtæki sem bjóða upp á Hero Experience greiða aukalega 50 þúsund krónur. Sé fyrirtæki ekki hluti af Arctic Coast Way en býður upp á Hero Experience greiðir það sömuleiðis 50 þúsund krónur.

Stærð fyrirtækis	Verð 2019	Viðbótarkostnaður til að þróa Hero Experience
1-2 starfsmenn	19.900	<i>50 þúsund krónur. Innifalið er ráðgjöf frá Markaðsstofu Norðurlands og markaðssetning.</i>
3-4 starfsmenn	29.900	
5-6 starfsmenn	54.900	
7-10 starfsmenn	69.900	
≥11 starfsmenn	99.000	

	Allir meðlimir	Hero Experiences
Heimasíða	Þróun og umsjón ACW heimasíðu þar sem fjallað er um hvern meðlim í viðeigandi flokki/valmynd	Fá bestu staðsetningarnar (aðalsíðu, nokkrar undirvalmyndir)
Kennimerki	Fá ACW kennimerkið til að nota í markaðssetningu	Fá ACW kennimerkið til að nota í markaðssetningu og ACW hetjutáknið
Gagnvirkt kort	Sýnt á gagnvirku korti á heimasíðu	Sýnt á gagnvirku korti á heimasíðu í sérstökum flokki
Opinber leiðbeiningabæklingur fyrir ferðafólk frá MN	Í bæklingnum er kafli um ACW; meðlimir eru ekki skráðir en fá ACW kennimerkið á sínu sérsviði í öðrum köflum leiðbeiningabæklingsins	Þær (Hero Experiences) eru skráðar í kaflanum um ACW og ACW Hero táknið birtist á sérsviðum þeirra í öðrum köflum bæklingsins
Handbók um starfsemina	Þróun vinnuhandbókar sem dreifa skal til samstarfsaðila erlendis; Meðlimir eru skráðir í köflum er tengjast sérsviðum þeirra	Eru skráðar, sagt frá þeim og fá mynd í aðalkafla. Hero Experiences koma skýrast fram í ferðalýsingum sem fylgja með í handbókinni
Sérhæft kort yfir Norðurland	ACW er merkt á kortinu	ACW er merkt á kortinu
ACW kort	Framleiðsla, uppfærsla og prentun ACW korts	Eru merktar með Hero-tákninu á kortinu
Vegabréf	Framleiðsla, uppfærsla og prentun ACW vegabréfa (ferðavegabréf 2018; Fæðu- og gönguferðavegabréf á næstu árum)	Hero Experiences í tengslum við matvæli fá sérstaka umfjöllun í fæðuvegabréfinu
Ljósmyndir til að styrkja ímynd svæðisins	Almennar upplýsingar um landslag, gönguferðir, dýra- og fuglalíf, afþreyingu	Fá birtar nokkrar ljósmyndir sem gefa til kynna ímynd þeirrar Hero experience sem fyrirtækin bjóða. Þetta efni er notað í alþjóðlegri markaðssetningu og birtist á áberandi stað á ACW heimasíðunni. Fyrirtækin geta notað myndirnar í sinni eigin markaðssetningu, en greiða hluta af kostnaði við ljósmyndunina
Hugmyndabanki til að þróa upplifun og reynslu	Þróun og endurnýjun	Persónulegur stuðningur við frekari þróun Hero Experience (eftir árangursríka umsókn) 4x 2 klst.: 1. Umræða um hugmyndina eftir prófun hennar, 2. Prófun og aðlögun hugmyndarinnar

		3. Hjálp við markaðssetningu / ljósmyndir 4. Tilbúin til að fara á markað
Fjölmiðlar	Hlutdeild í kynningu ACW í fjölmiðlum	Áhersla lögð á Hero Experiences í fjölmiðlakynningum ACW
Viðskiptaráðstefnur 1	Kynna verkefnið á ráðstefnum á borð við Mannamót, Mid-Atlantic, Vestnorden with með bæklingum og kynningarspjöldum	Hafa sterka stöðu í kynningum og auglýsingum
Viðskiptaráðstefnur 2 (í tengslum við alþjóðlegan ferðamannaiðnað, eða takmarkast til ákveðna hópa)	Kynna og auglýsa verkefnið	Aðaláhersla á að auglýsa Hero Experiences. Strandkynning og auglýsingatækni er skipulögð meðal fyrirtækja sem standa fyrir Hero Experiences

5.3. Kostnaður MN meðlima sem bjóða upp á Hero Experiences

Meðlimir Markaðsstofu Norðurlands sem bjóða upp á Hero Experiences, en eru ekki aðilar að Arctic Coast Way, greiða sömu gjöld og meðlimir ACW sem taka þátt í markaðssetningu Hero Experiences.

6. Umsóknarferli

- ✓ Fyrirtæki verða skráðir meðlimir að loknu umsóknarferli eftir útfyllingu umsóknareyðublaðs
- ✓ Markaðsstofa Norðurlands og stjórn Hero Experience annast mat og staðfestingu umsókna. Enda þótt umsókn uppfylli öll skilyrði er ekki hægt að öruggt að hún verði samþykkt
- ✓ Fyrirtæki verða að geta sýnt fram á eftirfarandi:
 - aðild að Markaðsstofu Norðurlands og tilheyrandi leyfi
 - landfræðilega staðsetningu
 - hvernig afurðir/Hero Experiences þeirra samrýmast gildismati vörumerkisins
 - hvernig Hero Experiences þeirra fela í sér nauðsynleg viðmið til að standa undir nafni (A.3)
 - hvernig þau tryggja sjálfbærni í skipulagi sínu og starfsháttum
- ✓ Fyrirtæki sem eru aðilar að Markaðsstofu Norðurlands, en eiga ekki aðild að Arctic Coast Way og sækja um Hero Experience (Hetjuferð) verða að sýna fram á hvernig þau hyggist haga samstarfi við meðlimi Arctic Coast Way
- ✓ Samstarfssamningur verður undirritaður

- ✓ Meðlimir geta sagt sig frá samningnum með tölvupósti til Markaðsstofu Norðurlands
- ✓ Þeir sem sækja um aðild að Hero Experience fá bindandi samning til ákveðins tíma

7. Breytingar

Þar sem Arctic Coast Way er vaxandi verkefni sem stefnir að langtíma þróun gætu viðmið varðandi aðild tekið breytingum vegna nýsköpunar innan verkefnisins. Meðlimum verður tilkynnt um allar breytingar.

B. REGLUR UM STARFSEMINA

Ferðir sem reknar eru undir nafninu Arctic Coast Way verða að:

- ✓ vera í meginráttum skipulagðar innan marka Arctic Coast Way
- ✓ innihalda verulegt hlutfall Arctic Coast Way afurða, þjónustu og Hero Experiences
- ✓ uppfylla gildismat og séreinkenni Arctic Coast Way vörumerkisins
- ✓ virða verndun náttúru og dýralífs og leitast við að starfa með sjálfbærum hætti
- ✓ hafa í þjónustu sinni þjálfaðan leiðsöguaðila sem getur sagt frá landslagi strandlengjunnar og útskýrt hvernig hafið og náttúruöflin hafa mótað lífshætti og menningu þeirra sem búsettir eru í grennd við heimskautsbauginn

1. Dagsferðir

Dagsferðir þurfa að fela í sér 75% vegalengda eða fartíma á Arctic Coast Way.

2. Lengri ferðir til fleiri daga

Lengri ferðir verða að fela í sér 50% fardaga á leiðum Arctic Coast Way. Einnig verður að koma fram í ferðalýsingu umtalsvert hlutfall gisti- og veitingastaða sem skráðir eru á vefsetri Arctic Coast Way.